

fóstra síns með iðni og alúð. Síðan gjörðist hann verslunarfélagi Richters, og skyldi hann hafa þriðjung alls ábata. Alla þessa stund hafði hann ríkulega styrkt móður sína og bræður; en tveir þeirra dóu, og móðir þeirra skömmu síðar. En naumast hafði hann náð sér aftur eftir harm sinn út af ættingjamissinum, þá er fóstri hans, er hann unni hugátum, lagðist veikur, og lá í tvö ár. Kristofer gjörði þá alt, sem þakklátsemi, iðni og trúmenska megnaði, og sýndi með því, að velgjörðir Richters höfðu ekki komið niður á neinum vanþakklátum óþokka. Hann var óþreytandi við verslunina, en vakti þó oft á nóttum hjá fóstra sínum veikum, og huggaði konu hans og dóttur bæði fyrir og eftir lát Richters. Hann gekk síðan að eiga dóttur Richters, 1789, og tíu árum eftir dauða hans var verslun erfingja hans í einhverjum mestu metum í Danzig. Tengdamóður sína annaðist Kristofer og hjúkraði með sonarlegri ást og umhyggju, þangað til hún andaðist á 72. aldrsári. Með því að hann átti sjálfur engin börn, tók hann til sín tvo hina elstu bræðrasyni sína, og sá vel fyrir þeim. Hann gleymdi heldur ekkí snauðum mönnum og munaðarlausum, en gaf þeim stórgjafir, og í harðæri einu hjálpaði hann bæði í orði og verki fjölda þurfandi manna. Með gleði og þakklátsemi til guðs mintist hann ávalt hinnar fyrri eyndar sinnar og þess, hvernig drottinn hafði frelsað hann á dásamlegan hátt. Tituprjóninn, sem hafði verið tilefnið til hamingju hans, geymdi hann vandlega til minningar um liðna tíma. Áður hafði hann haft hann í erminni á hinni rifnu léreftstreyju sinni, en nú glóði hann í dýru hollensku klæði. Og gjörði hann þá ráðstöfun fyrir honum, að hann skyldi ganga að erfðum til ættingja sinna, og skyldi elsti maður í ættinni ávalt bera hann. Oft sagði hann æfisögu sína, er hana sat með kunningjum sínum og ættingjum. Þá er hann stóð upp frá borðum, mælti hann oft á þessa leið: „Síð, þæru börn! hve oft drottinn gjörir mikla hluti við þá, er elska hann og treysta honum. Verið auðmjúk og hegðið yður eftir hans vilja, og treystið ósporrækum vegum hans, og almáttugri og algóðri stjórn hans. En ef þér viljið heiðra hann og lofa, sem ber, há elskið og bræður yðar; verið iðin og trúlynd í starfi yðar; gjörið gott snauðum mönnum og þurfandi, og mun þá blessun hins almáttka vera með yður og börnum yðar til síðustu stundar.“

ENGIN MINKUN.

Mörgum bykir minkunn að gera hitt og þetta, eins og t. d. það að þvo gólf, svarta stó, bera út skólp, moka fjós og annað